

Reykjavík, 7. maí 2019

**Efni: Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að ráðist verði í frekari uppbyggingu stíga fyrir gangandi og hjólandi í nágrenni Bryggjuhverfis.**

**Greinargerð:**

Íbúum í Bryggjuhverfi fjölgar jafnt og þétt, nú þegar loks hyllir undir í áframhaldandi uppbyggingu hverfisins.

Samtímis uppbyggingu þarf að ráðast í gerð göngu- og hjólastíga á milli hverfisins og nærliggjandi svæða. Sérstaklega í ljósi þess að þangað til fyrirbyggjandi skipulag verður að veruleika þurfa íbúar að sækja alla þjónustu, svo sem leikskóla, heilsugæslu, grunnskóla og verslanir, annað hvort í Grafarvog eða á Höfða. Næsta lágvöruverslun er til dæmis Krónan Bíldshöfða sem er í um 15 mínútna göngufjarlægð frá hverfinu ef stysta leiðin verður fyrir valinu. Stysta leiðin liggur hins vegar meðal annars um umferðargötu þar sem á löngum köflum er hvorki gert ráð fyrir gangandi eða hjólandi. Þessa leið getur líka þurft að ganga til þess að taka Strætó sem stoppar við Stórhöfða.



Mynd 1: Gangandi vegfarandi fer upp Svarthöfða



Mynd 2: Meðfram götu eftir að komið er upp Stórhöfðabrekku

Skipulagið gerir því ráð fyrir að íbúar og aðrir vegfarendur á svæðinu fari sinna ferða á vélknúnum ökutækjum en ekki gangandi eða hjólandi. Meðfylgjandi myndir eru til skýringar en á mynd 1 má til að mynda sjá gangandi vegfaranda ganga á umferðargötu sem er ekki óalgeng sjón.



Mynd 3: Slóði niður Bryggjuhlíð



Mynd 4: Slóði meðfram Gullinbrú

Þess má geta að ef leitað er að leið frá Bryggjuhverfi í Krónuna Bíldshöfða mælir Google með stystu gönguleið upp Svarthöfða eins og sjá má á mynd 1. Þá má nefna að nýlega opnaði Mathöll Höfða að Bíldshöfða 9 en undir sama þaki eru einnig heilsugæsla, apótek, líkamsrækt o.fl. Þessi þjónusta er í göngu- og hjólafæri frá Bryggjuhverfi, sérstaklega ef leið þeirra er tryggð upp Bryggjuhlíð. Búast má við að einhverjir íbúar treysti sér hinsvegar ekki til þess að fara núverandi leið og því er aðgengi ekki jafnt fyrir alla. Um svæðið liggja einnig fjöldamargir slóðar sem staðfesta vöntunina, sjá myndir 2-6.

Annað sem mælir með að stíganet á svæðinu verði styrkt er sú mikla umferð hjólréiðafólks um stíginn sem liggur frá Grafarvogi, undir Gullinbrú og áfram meðfram Sævarhöfða, þ.e. Bryggjuhverfinu og Björgun, og áfram inn í Vogu.

Af myndunum og framangreindu virðist að minnsta kosti þurfa að ráðast í lagningu göngu- og hjólastíga um eftirfarandi svæði:

- Upp Svarthöfða um Bryggjuhlíð
- Vestan megin við Gullinbrú, Frá Höfðahöll og niður í Bryggjuhverfi
  - Annar möguleiki væru önnur undirgöng undir Gullinbrú talsvert sunnar en göngin undir brúnna aðeins sunnar en við þau göng er einnig hættulegt blindhorn sem rímar illa við hvers vinsæl hjóla- og gönguleið liggur þar undir.
- Lagður verði sérstakur hjólastígur frá Gullinbrú og meðfram Bryggjuhverfi og Björgun sem tengist síðan hjólaleiðum í Vogum þar sem göngu- og hjólastígur hafa verið aðskildir.

Þörfin virðist augljós og því er lagt til að ráðist verði í frekari lagningu stíga fyrir gangandi og hjólandi í nágrenni Bryggjuhverfis en ávallt þarf að gæta þess að hafa samráð við íbúa á svæðinu um uppbygginguna.

Á mynd 7 má sjá yfirlitskort af svæðinu.



Mynd 5: Slóði niður Bryggjuhlíð



Mynd 6: Slóði upp Bryggjuhlíð



Mynd 7: Kort af svæðinu

Jórunn Pála Jónasdóttir  
Varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins